

Athugasemd við frumvarp um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga (132. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013)

Þó svo að við undirritaðir styðjum í meginráttum það frumvarp sem nú liggur fyrir varðandi skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga gerum við enn alvarlegar athugasemdir við eitt grundvallaratriði í því, þ.e. þá aðgreiningu sem þar er gerð á trúfélagi og lífsskoðunarfélagi.

Djúpstæður ágreiningur er um það meðal ólíkra félagasamtaka og hreyfinga hversu þröngt eða vítt beri að skilgreina trúarhugtakið og er það meðal helstu viðfangsefna almennra trúarbragðafræða að greina þann ágreining. Þannig kjósa ýmis félög að skilgreina sig sem trúfélög meðan önnur sverja af sér öll trúartengsl og kalla sig eingöngu lífsskoðunarfélög enda þótt innan almennra trúarbragðafræða séu þau greind sem trúfélög af fjölda trúarbragðafræðinga. Það eru sjálfsögð réttindi viðkomandi félaga að fá að skilgreina sig annað hvort sem trúfélög eða lífsskoðunarfélög út frá eigin forsendum. Það er hins vegar ekki hlutverk ríkisvaldsins að festa í lög hvernig greina beri á milli slíkra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og skilgreina þar með trúarhugtakið. Þess í stað nægir að fram komi í lagatextanum hvaða skilyrði þau félög þurfi að uppfylla til að geta hlotið skráningu sem ýmist kjósa að skilgreina sig sem trúfélög eða lífsskoðunarfélög. Þessi skilyrði ættu m.a. að vera þau að félagið byggist á lífsskoðunum og siðferðisgildum sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur og varða átrúnað, trú eða guðleysi og félagið sjái um tiltekna athafnir, svo sem útfarir, giftingar, skírnir, nafngjafir og fermingar eða aðrar hliðstæðar athafnir. Aðeins þau félög sem uppfylla þessi og önnur tilgreind skilyrði í lagatextanum eiga að geta fengið skráningu alls óháð því hvort þau kjósi sjálf að kalla sig trúfélag eða lífsskoðunarfélag. Með öðrum orðum þá gerir ríkisvaldið ákveðnar kröfur til þeirra félaga sem hljóta skráningu en það er undir félögunum sjálfum komið hvort þau kalli sig trúfélög eða lífsskoðunarfélög.

Hafa ber í huga að öll þau atriði sem tilgreind eru í frumvarpinu sem sérkenni lífsskoðunarfélaga eru einnig einkenni trúfélaga út frá forsendum almennra trúarbragðafræða. Færa má rök fyrir því að þær lífsskoðanir sem t.d. kristnir eða islamskir trúarhópar aðhyllast séu í grundvallaratriðum veraldleg. Öll trúfélög miða starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt. Og öll trúfélög fjalla um siðfræði eða þekkingarfræði með skilgreindum hætti. Sú aðgreining sem gerð er milli trúfélaga og lífsskoðunarfélaga í frumvarpinu stenst því ekki fræðilega skoðun.

Breytingartillaga okkar að 3. gr. frumvarpsins er eftirfarandi:

3. gr. Almennt skilyrði skráningar.

Skilyrði fyrir skráningu félags sem skilgreinir sig sem trúfélag eða lífsskoðunarfélag er að um sé að ræða félag sem byggist á lífsskoðunum og siðferðisgildum sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur og varða átrúnað, trú eða guðleysi.

Enn fremur er það skilyrði skráningar trúfélags eða lífsskoðunarfélags að félagið hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug, tilgangur þess stríði ekki gegn lögum, góðu siðferði eða allsherjarreglu og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem tekur þátt í starfsemi þess og styður lífsgildi félagsins í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. Þá er það skilyrði að félagið sjái um tiltekna athafnir, svo sem útfarir, giftingar, skírnir, nafngjafir og fermingar eða aðrar hliðstæðar athafnir.

Meðfylgjandi eru tvær blaðagreinar sem við höfum skrifað um frumvarpið á ýmsum stigum þess og lagt fram við vinnslu þess.

Virðingarfyllst,

Pétur Pétursson

prófessor í kennimannlegri guðfræði og umsjónarmaður almennra trúarbragðafræða við HÍ til fjölda ára

Bjarni Randver Sigurvinsson

stundakennari í almennum trúarbragðafræðum við HÍ

Um trúfélög og lífsskoðunarfélög

Eftir Bjarna Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson

Á núverandi lögjafarþingi verður lagt fram frumvarp til laga um breytingar á skráningu trúfélaga þar sem amkvæmt fyrirliðgiðni drögum verður i.a. heimilud skráning svonefndra lífsskoðunarfélaga til



Bjarni Randver Sigurvinsson



Pétur Pétursson

» Ástæða er til að gera athugasemd við það hvernig lífsskoðunarfélög eru skilgreind og aðgreind frá trúfélögum í drögum frumvarps til laga.

sem kjósa að skilgreina sig út frá hvers kyns trú og trúarsetningum á forsendum þröngrar túlkunar á trúarhugtakinu. Þrátt fyrir þetta er það að sjálfsögðu fullur réttur lífsskoðunarfélaga sem það kjósa að aðgreina sig frá hvers kyns trú í þröngri skilningi þess hugtaks.

Í trúarbragðafræðum er það algengt sjónarmíð að flokka skuli hvers kyns skipulagðar hreyfingar sem trúarlegar sem taka af-

stöðu til trúarlegra viðfangsefna á borð við tilvist Guðs og handanveruleika og tilgang lífsins. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort sú afstaða er jákvæð, neikvæð eða í formi efahyggju, aðeins ef viðkomandi hreyfingar taka einhvers konar afstöðu til þessara viðfangsefna teljast þær sjálfskráða trúarlegar enda grundvallist afstaðan á forsendum sem hvorki verða sannarar né afsannaðar með aðferðum raunvísinda. Af þeim sökum eru samtök guðleysingja á borð við síðræna humanista flokkun sem trúarleg í fræðibókum á borð við Encyclopedia of American Religions eftir bandaríska trúarbragðafræðinginn J.G. Melton en ritverk hans um þessi efni hafa verið kennd í áraradír í trúarbragðafræðum við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Þess eru líka dæmi að slík félög guðleysingja skilgreini sig sem trúarleg og hafi notið þeirra réttinda sem því fylgja í einstökum ríkjum Bandaríkjanna.

Trúarbragðafræðingar eru þó ekki á einu máli um það hvernig skilgreina beri trúarhugtakið og er sömu sögu að segja af fjölda hreyfinga sem kenndar hafa verið við trúarbrögð í trúarbragðafræðum. Þannig eru menn ekki á einu máli hvort t.d. búddismi, hindúismi, jóga-hreyfingar eða jafnvel sjálfur kristindómurinn séu trúarbrögð. Nauðsynlegt er að lög um

skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga taki mið af þessum mismunandi sjálfskilningi skipulagðra hreyfinga sem sækjast eftir skráningu hér á landi og þeim réttindum sem því fylgja.

Síðmennt hefur a.m.k. tvisvar sótt um skráningu hjá ríkisvaldinu til að öðlast jafna stöðu við akráð trúfélög hér á landi en verið hafnað í bæði skiptin á þeirri forsendu að ekkert í landslögum heimil slíka skráningu lífsskoðunarfélaga yfirlystra trúleysingja. Auðvelt er að sýna fram á út frá forsendum trúarbragðafræða að Síðmennt geti flokkað sem trúfélög enda hefur hugmyndafræði þess félags, síðrænn humanismi, bæði sögulegar og menningarlegar rætur meðal trúarbragða mannkyns (sbr. t.d. Melton). Ekkert í núverandi lögum um skráningu trúfélaga ætti heldur að standa í vegi fyrir því að Síðmennt geti hlotið skráningu sem trúfélög. Það er aðeins í greinargerð með lagafrumvarpi núverandi laga sem finna má athugasemd þess efnis að skilgreining hugtaksins trúfélög rúmi ekki lífsskoðunarfélög sem bodi trúleysi. Engu að síður eru fordæmi fyrir því að félög sem bodi trúleysi í einni eða annarri mynd, einkum búddisk, hafi fengið skráningu á þeirri forsendu að þau leggi að mati ýmissa trúarbragðafræðinga stund á átrúnað eða trú sem tengja megi við trúarbrögð mann-

kyns sem eigi sér sögulegar eða menningarlegar rætur. Enda þótt það ætti að vera hægðarleikur að veita Síðmennt skráningu trúfélags hér á landi er sjálfsagður hlutur að taka tillit til sjálfskilnings þess félags að það sé aðeins lífsskoðunarfélag aðgreint frá öll sem það skilgreinir sem trú.

Þar sem aðgreiningin nulli trúfélaga og lífsskoðunarfélaga í drögum þess lagafrumvarps sem nú hefur verið kynnt er gölluð orástæða til að mæla með eftirfarandi breytingu þar sem 1. mgr. 3 gr. núverandi laga hefur verið sameinuð viðbót draganna: „Skill yrði fyrir skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags er að um sé að ræða félag sem byggir á siðferði og lífsskoðunum sem taki skilgreinda afstöðu til trúar og trúarsetninga. Þú er það jafnframt skill yrði fyrir skráningu að um sé að ræða félag sem miðar starfsemi sína við siðferðisgildi og mannrækt, á sér sögulegar eða menningarlegar rætur í trúarbrögðum mannkyns eða öðru heimspekileg hugmyndakerfi og fjallar um siðfræði og þekkingarfræði með ákveðnum og skilgreindum hætti. Það er enn fremur skill yrði að félagið bjóði upp á tilteknar félagslegar athafnir á borð við útfarir, giftingar, nafngjafir og ferningar.“

Bjarni Randver er stundakennari við HÍ og Pétur er prófessor við HÍ.

um trúfélög og lífsskoðunarfélög

Trúmál

Bjarni Randver
Sigurvinsson
stundakennari við HÍ



Pétur
Pétursson
prófessor við HÍ



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skrifar grein í Fréttablaðið 25. okt. sl. þar sem hann greinir frá því að frumvarp til laga um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sæti slíkri andstöðu á Alþingi að ekki hafi náðst að leggja það fram til atkvæðagreiðslu. Frumvarpið snýst að stórum hluta um að koma á jafnræði milli skráðra trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga sem kenna sig við trúleysi. Slíkt frumvarp er fyrir löngu orðið tímaþætt eins og við bentum á í grein um drögin að því í Morgunblaðinu 24. nóvember 2011 og ber að þakka Ögmundi fyrir það hvernig hann hefur fylgt málinu eftir.

En þótt við styðjum frumvarpið í meginráttum gerum við enn athugasemdir við þann greinarmun sem gerður er þar á trúfélögum og lífsskoðunarfélögum. Þar er

félag sem byggist á veraldlegum lífsskoðunum, miðar starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og fjallar um siðfræði eða þekkingarfræði með skilgreindum hætti. Út frá forsendum almennra trúarbragðafræða er auðveldlega hægt að færa rök fyrir því að þessi aðgreining standist ekki. Öll trúfélög eru lífsskoðunarfélög, öll miða þau starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt og öll fjalla þau um siðfræði og þekkingarfræði með skilgreindum hætti. Þannig er ekki hægt að halda því fram að þetta séu sérkenni félaga sem byggjast á „veraldlegum lífsskoðunum“.

Þar að auki má hæglega færa rök fyrir því út frá viðteknum skilgreiningum og flokkunarkerfum innan almennra trúarbragðafræða að sú aðgreining milli trúar og veraldlegra lífsskoðana sem gerð er í frumvarpinu standist ekki. Þetta er ekki spurning um hvort um sé að ræða „lífsskoðunarfélög sem ekki aðhyllast trúarlegar kenningar“ eins og segir í athugasemdum innanríkisráðuneytisins með frumvarpinu, heldur hvort um sé að ræða lífsskoðunarfélög sem kjósa að aðgreina sig frá öllu því sem þau sjálf skilgreina sem trúarlegt. Starfsemi, athafnir og hugmyndafræði Siðmenntar, svo dæmi sé tekið, geta hæglega flokkast sem trúarlegar út frá forsendum almennra trúarbragðafræða. Þannig býður t.d. félagið um á helgaathafnir á garhátíðum

ur má rekja sögulegar og menningarlegar rætur félagsins langt aftur í aldir í gegnum m.a. hreyfingu unitara. Það er með ólíkindum að umsóknnum Siðmenntar um skráningu út frá núgildandi lögum hafi í tvígang verið hafnað. Hins vegar er sjálfsgagt mál að taka tillit til þess í nýju lagafrumvarpi að félagið kys einmitt að aðgreina sig frá trúarhugtakinu.

Þau skilyrði fyrir skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga sem tilgreina þarf í frumvarpinu þurfa að vera sameiginleg einkenni þeirra allra, óháð því hvort þau kjósi á eigin forsend-

það sjónarmið þeirra sem mótuðu núverandi lög frá 1999 um skráningu trúfélaga að sniðganga beri almenna trúarbragðafræði í þessum efnum. Þetta er orðað þannig „að ekki sé verið að setja fram fræðilega skilgreiningu á hugtakinu trúfélög sem trúarbragðafræðingar séu endilega sammála um, heldur eingöngu verið að setja fram almenn skilyrði sem trúfélög verður að uppfylla til að hljóta skráningu“ og er tekið fram að það sama gildi þar með um hugtakið lífsskoðunarfélög. Einkennilegt er að trúarbragðafræðin skuli sniðgengin með þessum hætti við

Starfsemi, athafnir og hugmyndafræði Siðmenntar, svo dæmi sé tekið, geta hæglega flokkast sem trúarlegar út frá forsendum almennra trúarbragðafræða.

um að skilgreina sig til tiltekinnar trúarhefðar eða frá hvers kyns trú. Allur gangur er á því hvernig trúarhugtakið er skilgreint innan hinna ýmsu félaga og því er það ekki hlutverk ríkisvaldsins að festa túlkun eins félags umfram annars í lög í eitt skipti fyrir öll á skjön við almenna trúarbragðafræði.

Vandinn við frumvarpið er að það endurspeglar um of sérskilning Siðmenntar á trúarhugtakinu án þess að tekið sé tillit til fræðilegrar greiningar trúarbragða-

gerð frumvarpsins, því að fræðileg greining á þeim grundvallarhugtökum sem um ræðir hlýtur að skipta máli og auka líkurnar á ígrundaðri lagasetningu.

Þó svo að endurskoða þurfi frumvarpið í ljósi ofangreindra athugasemda ættu breytingarnar að vera einfaldar. Mikilvægt er að það sé gert með þeim hætti að sem viðtækust samstaða náist um það. Félag á borð við Siðmennt, sem kjósa að aðgreina sig frá trú í hefðari merkingu þess hugtaks